

Alþingi  
Erindi nr. D 138/1873  
komudagur 4.5.2010



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (506. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tímabundna frádráttarbærni útgjalda vegna endurbóta og viðhalds íbúðar- og fristundarhúsnæðis.*

Viðskiptaráð fagnar öllum aðgerðum stjórnvalda er snúa að því að koma hjólum atvinnu lífsins í gang aftur og sporna þannig gegn atvinnuleysi og frekari tekjumissi ríkissjóðs. Yfirstandandi efnahagsferfiðleikar hafa leikið byggingariðnaðinn sérlega grátt og ætla má að þetta frumvarp, líkt og þær endurgreiðslur á virðisaukaskatti sem kynntar voru á síðasta ári, muni gera þar einhverja bragabót á. Það verður hins vegar ekki undan því lítið að fjárhagsstaða ríkissjóðs og sveitarfélaga er einkar bágborin um þessar mundir og líkur eru á að tekjustofnar rýrni frekar og útgjöld aukist næstu misseri. Það verður því að huga afar vel að öllum breytingum á skattkerfinu sem eru til þess fallnar að rýra tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga enn frekar. Þá skiptir jafnframt miklu að flækjustig skattkerfisins verði ekki aukið um of, en sú staðreynd að frumvarpi þessu er ætlaður takmarkaður gildistími dregur úr líkum á því.

Þrátt fyrir að gera megi fyrirvara við forsendur í greinargerð frumvarpsins um vænt áhrif á stöðu ríkissjóðs þá tekur Viðskiptaráð undir rökstuðning greinargerðarinnar, þ.e. að forsendur séu til að ætla að breytingar frumvarpsins geti dregið úr svartri atvinnustarfsemi, bætt atvinnustig og lækkað þannig greiðslur vegna atvinnuleysisbóta. Allar aðgerðir í átt að bættu atvinnustigi auka skatttekjur ríkissjóðs og vega þannig að einhverju leyti upp hugsanlegt tekjutap eða útgjöld, líkt og reifað er í athugasemdum frumvarpsins. Er hér um grundvallaratriði að ræða sem Viðskiptaráð hefur ítrekað bent á undanfarin misseri. Með því að auka umsvif í hagkerfinu með hagfelldu skattkerfi er lagður grunnur að aukinni skattheimtu og að sama skapi er stuðlað að samdrætti í skatttekjum með því að draga úr umsvifum með flóknu og íþyngjandi skattkerfi. Í þessu ljósi kemur vart á óvart að innheimtur tekjuskattur einstaklinga og óbeinir skattar fyrstu mánuði ársins sé undir áætlunum ráðuneytisins og að innheimtur tekjuskattur fyrirtækja sé 30% lægri en á sama tímabili í fyrra.<sup>1</sup>

Líkt og áður segir þá er það góðra gjalda vert að stuðla að auknum umsvifum í byggingariðnaði til skemmri tíma lítið með sértækum lausnum af þessu tagi. Á næstu misserum og til langframa verður hins vegar að róa öllum árum að auknum umsvifum í hagkerfinu samhliða því sem ráðist er að rót vandans, sem liggur í ósjálfbærum rekstri hins opinberra. Halli á rekstri ríkissjóðs á þessu ári stefnir í 100 ma. kr. og ljóst er af áætlunum AGS að viðtækar skattahækkningar undanfarin missera duga

<sup>1</sup> Sjá Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2010, fjármálaráðuneytið dag. 19.4.2010.

skammt til að brúa þennan mikla halla.<sup>2</sup> Það skiptir því öllu að ráðist verði í endurskipulagningu á rekstri hins opinbera með það að markmiði að draga verulega úr útgjöldum. Líkt og Viðskiptaráð hefur fjallað um þá er verulegt aðlögunarsvigrúm til staðar og það verður að nýta.<sup>3</sup> Til að koma í veg fyrir að mikil skerðing á þjónustu hljótist af slíkum aðgerðum er hægt að mæta niðurskurði útgjalda með aukinni skilvirkni í kerfinu. Áræðni forsvarsmanna og starfsmanna LSH á þessu sviði sýna svo ekki verður um villst að það verkefni er fjarri því að vera óyfistíganlegt. Aðrar stofnanir ríkisins ættu að taka þessa vinnu innan LSH sér til fyrirmyndar auk þess sem stórefla þarf eftirfylgni stjórnvalda og nefndarinnar við aðhaldsmarkmið fjárlaga.<sup>4</sup>

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur nefndina og stjórnvöld til að horfa á heildarmyndina og leggjast í vinnu tengda skattkerfinu sem miðar að því að auka umsvif í hagkerfinu.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs

<sup>2</sup> Sjá skýrslu AGS í tengslum við aðra endurskoðun efnahaagsáætlunarinnar, dags. 8.4.2010, bls. 40.

<sup>3</sup> Sjá skýrslu VÍ, *Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar*, dags. 16.12.2009.

<sup>4</sup> Sjá m.a. skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikninga 2008 og mat á framkvæmd fjárlaga fyrstu 8 mánuði ársins 2009.